

Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunnar, Jón Kolbeinn og Karl Steinar fóru í reglubundið dýravelferðar- og smitvarnareftirlit hjá Kaldvík þann 18.02.2026.

Siglt var á þjónustubát út á eldissvæðið Fagraeyri í Fáskrúðsfirði með Ingólfi Sigfússyni svæðisstjóra og áhöfn.

Í því eftirliti kom í ljós fjöldi fiska í kví 12 á Fögrueyri með sár og velferð þeirra slæm. Líklegt er að þetta sé ekki nýtilkomið vandamál og það er mat Matvælastofnunar að Kaldvík hafi ekki brugðist nægilega vel við til þess að fjarlægja særða og sjúka fiska úr kví 12.

Svæðisstjóra (Ingólfur Sigfússon) sem var um borð í þjónustubátnum var till kynnt munnlega um að mögulega væri þetta brot á dýravelferðarlögum.

Matvælastofnun lítur málið alvarlegum augum og hvetur Kaldvík til þess að bregðast strax við og fjarlægja særðan fisk úr kví 12 á Fögrueyri. Samkvæmt gögnum sem hafa borist frá Kaldvík að þá bendir til þess að allt að 77% af fiskunum í kví 12 séu með sár eða ekki heilbrigðir. Líklegt er að málið fari til frekari meðferðar innan Matvælastofnunar vegna gruns um brot á 44.gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og 6. og 7.gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

Frestur til að koma með athugasemdir við þessa eftirlitsskýrslu er veittur til kl 15:00, fimmtudaginn 26.febrúar 2026.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Dýravelferð- og smitvarnir - Heilbrigði fiska	04/03/2026

Frávik	Úrbótafrestur
Dýravelferð- og smitvarnir - Meltuvinnsla	Næsta skoðun

Viðstödd heimsókn Kaldvík hf.
Kennitala viðtakenda 520412-0930
Skoðunarmaður Jón Kolbeinn Jónsson - Sérfræðingur
Tölvupóstur mast@mast.is

Undirbúningur 2 klst.
Frágangur 2 klst.
Tímar við úttekt 4 klst.
Akstur 1 klst.

Alvarlegt frávik

Dýravelferð- og smitvarnir Heilbrigði fiska

Frestur til úrbóta: 04/03/2026

Í kví 12 á Fögrueyri í Fáskrúðsfirði var sjáanlegur fjöldi fiska, áætlað um amk. 500stk með töluvert af sárum. Starfsmenn handháfuðu u.þ.b. 77 fiska, engin tilraun var gerð til þess að fjarlægja þann fisk sem eftir var í kvínni og var með sár.

Eftirlitsþega ber að tryggja að til sé nægur búnaður og nægur mannskapur til þess að bregðast við þegar mikið er af særðum fiskum skv. 44.gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og 6. og 7.gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

Svæðisstjóra (Ingólfur Sigfússon) sem var um borð þjónustubátnum var tillkynnt munnlega að mögulega væri þetta brot á dýravelferðarlögum.

Matvælastofnun lítur málið alvarlegum augum og hvetur Kaldvík til þess að bregðast strax við og fjarlægja særðan fisk úr kví 12 á Fögrueyri. Samkvæmt gögnum sem hafa borist frá Kaldvík að þá bendir til þess að allt að 77% af fiskunum í kví 12 séu með sár eða ekki heilbrigðir. Líklegt er að málið fari til frekari meðferðar innan Matvælastofnunar vegna gruns um brot á 44.gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og 6. og 7.gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008.

Frávik

Dýravelferð- og smitvarnir Meltuvinnsla

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Þegar verið var verið að tæma dauðfiskakar ofan í hakkavél á pramma þá féllu nokkrir dauðfiskar á grindina sem er við hliðina á meltuvinnslunni og hakkavélinni.

Matvælastofnun telur að við svo búið er aukin hættu á að dauðfiskur eigi hættu á að falla í sjóinn, gera þarf ráðstafanir til þess að dauðfiskur eigi ekki hættu á að falla útfyrir.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008.

Niðurlag

Þann 18/02/2026 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 24/02/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 2 skoðunaratriðum, þar af 1 alvarlegt frávík og 1 frávík. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Dýravelferð- og smitvarnir: 14 af 16 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af var 1 frávík og 1 alvarlegt frávík.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á [Ísland.is](#).

[Lagagrunnur eftirlits](#)

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Dýravelferð- og smitvarnir

- | | | |
|------------------------------|--|---------------------------------|
| • Búningsaðstaða og fatnaður | • Aðgengisstýring | • Búnaður um borð í þjónustubát |
| • Þrif um borð í þjónustubát | • Þrif um borð í pramma | • Fóðurgeymsla |
| • Dagbókarfærslur | • Dauðfiskaskráning | • Viðbragðsáætlanir |
| • Heilbrigði fiska | • Starfsleyfi fyrir aukaafurðir dýra ... | • Merkingar (cat2/cat3) |
| • Meltuvinnsla | • Lyf, lyfjageymsla og lyfjaskráning | |

Eftirfarandi atriði voru ekki skoðuð:

Dýravelferð- og smitvarnir - Lyfjablandað fóður

Dýravelferð- og smitvarnir - Verklagsreglur